

Fyrir starfsfólk

Þegar ekki er farið eftir reglunni

Þegar barn fer ekki eftir reglunni þá er brugðist við í þremur skrefum.

1. Við minnum á regluna.

Dæmi: Það er matartími og Stína snýr ekki að borðinu eins og á að gera. Þá segjum við:
„Manstu regluna við matarborðið? ; við snúum að borðinu“ !

Ef barnið snýr sér þá að borðinu þá fær það hrós en ef þetta dugar ekki til þess að barnið snúi sér að borðinu þá :

2. Gefum við skýr fyrirmæli.

Dæmi: „Snúðu að borðinu núna“

Ef barnið snýr sér að borðinu núna þá fær það hrós en ef þetta dugar ekki heldur þá:

3. Gefum við barninu val.

Dæmi: „Nú mátt þú velja; annaðhvort snýrðu að borðinu núna eða ég hjálpa þér“

Ef barnið snýr sér að borðinu þá fær það hrós ef ekki þá hjálpum við því að snúa að borðinu.

Þessi 3 skref getum við yfirfært í allar aðstæður á öllum reglum nema reglunum um að nota inniröddina og að hafa þögn.

Í þeim aðstæðum breytum við 3ja skrefinu úr því að hjálpa barninu í að bjóðast til að fara með því fram en barnið hefur samt áfram val:

1. Við minnum á regluna.

Dæmi: Það er matartími og Stína er að tala mjög hátt. Þá segjum við : „manstu regluna við matarborðið; við notum inniröddina“

Ef barnið fer að nota inniröddina þá fær það hrós ef ekki þá:

2. Gefum við skýr fyrirmæli.

Dæmi: „Notaðu inniröddina núna“.

Ef barnið fer að nota inniröddina þá fær það hrós ef ekki þá:

3. Gefum við barninu val.

Dæmi: „Nú mátt þú velja; annaðhvort notarðu inniröddina núna eða þú kemur með mér fram“

